

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0002
LA

Efni: Umsögn um nýtingarleyfi fyrir stækkun jarðvarmavirkjunar við Þeistareyki

Við er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 28. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Landsvirkjunar um nýtingarleyfi til töku jarðhita á Þeistareykjum sem felur í sér aukningu í töku massa og orku fyrir stækkun Þeistareykjastöðvar úr 100 MW í 150 MW raforku. Sótt er um helmingisaukningu á massa og frumorku úr 19 í allt að 28,5 PJ/a af orku (vergi frumorku) og úr 10 í allt að 15 Tg/a af vökva (verg massavinnsla) úr jarðhitageymi. Um er að ræða þriðja áfanga af fjórum sem upphaflegt umhverfismat gerði ráð fyrir og samræmist skipulagsáætlunum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsókn Landsvirkjunar um nýtingarleyfi og hefur á árinu gefið umsagnir er varða matsskyldufyrirspurnir í tengslum við áformaða aukna vatnstöku og bætta gufunýtingu í Þeistareykjastöð.

Náttúrufræðistofnun telur að í umsókninni sé vel gerð grein fyrir rannsóknum og vöktun í tengslum við aukna jarðhitanytingu í Þeistareykjum og gerir stofnunin ekki athugasemdir við fyrirhugaða jarðhitanytingu.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

